

6. apríl 1966.

7

Nr. 6.

sanna, hver hann er, með því að framvísa nafnskirteini eða á annan fullnægjandi hátt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 6. apríl 1966.

Bjarni Benediktsson. Birgir Finnsson. Gizur Bergsteinsson.

Jóhann Hafstein.

22. marz 1966.

Nr. 7.

AUGLÝSING

um staðfesting handhafa valds forseta Íslands á breytingu á reglugerð,
nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands.

Handhafar valds forseta Íslands féllust hinn 22. marz 1966 á tillögu menntamálaráðherra um eftirfarandi breyting á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76 frá 17. júní 1958:

1. gr.

32. gr. 1. málsg. orðist svo:

Skráning nýrra stúdenta til náms fer fram ár hvert á tímabilinu 15. júlí til 1. ágúst og frá 1. desember til 15. desember. Háskólaráð getur þó ákveðið, að skráning fari fram 1. júlí til 15. júlí í stað 15. júlí til 1. ágúst. Háskólaráði er enn fremur heimilt að ákveða, að frestir séu skemmri um skráningu í þær deildir, þar sem aðgangur er takmarkaður, svo og að leyfa einstökum stúdendum skrásetningu á öðrum tímum en greinir hér að framan, ef sérstaklega stendur á. Beiðni um skrásetningu skal fylgja ljósrit eða staðfest endurrit af stúdentsprófsskirteini og önnur þau skilríki, sem nánar kann að verða kveðið á um af hálfu háskólaráðs. Mæla má svo fyrir, að stúdentar fylli út umsóknareyðublöð og láti þar í té ýmsar almennar upplýsingar, sem þörf þykir að fá. Þá skal skrásetningargjald og fylgja umsókn.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi tekur þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 22. marz 1966.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

19. febrúar 1966.

Nr. 8.

LÖG

um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Bannað er að kveikja í sinu og brenna sinu innan kaupstaða eða kauptúna eða í þéttbýli, er til kauptúna má jafna. Þó getur lögreglustjóri eða hreppstjóri veitt